

Vér biðjum þig, Drottinn, að blessa þá hrjáðu,  
þú birtir oss syndugum mátt þinn á jörð.  
Lát náðarsól rísa, veg þeim öllum vísa,  
er villir fóru leið, hafa týnt sinni hjörð.

Þú leiðir oss, Drottinn, að lindunum hreinu,  
þú ljósið þitt kveikir við himnanna stól.  
Um tíma þó syrti, þá brátt aftur birtir,  
þú breiðir út þinn faðm og veitir oss skjól.

Vér flytjum þér lofgjörð, þú líknar og græðir  
og léttir oss göngu í stormanna klið.  
Frá ánaud og helsi gef hjörð þinni frelsi,  
þín hjálp er jafnan nær! Ó, Guð, veit oss frið.  
Veit oss þinn frið!  
*Óskar Ingimarsson*

### **Faðir vor**

Nú legg ég augun aftur, ó, Guð, þinn náðarkraftur mín veri vörn í nótt. Æ, virst mig að þér taka, mér yfir láttu vaka þinn engil, svo ég sofi rótt.	Ég fel í forsjá þína, Guð faðir, sálu mína, því nú er komin nótt. Um ljósið lát mig dreyma og ljúfa engla geyma öll börnin þín, svo blundi rótt.
--	---

*Foersom / Sveinbjörn Egilsson - P.C. Krossing 1820*      *Matthías Jochumsson - P.C. Krossing 1820*

### **Moldun**

#### *Almennur söngur*

Allt eins og blómstrið eina upp vex á sléttri grund fagurt með frjónun hreina fyrst um dags morgunstund, á snöggu augabragði af skorið verður fljótt, lit og blöð niður lagði - líf mannlegt endar skjótt.	Ég lifi' í Jesú nafni, í Jesú nafni' eg dey, þó heilsa' og líf mér hafni, hræðist ég dauðann ei. Dauði, ég óttast eigi afl þitt né valdið gilt, í Kristí krafti' eg segi: Kom þú sæll, þá þú vilt. <i>Hallgrímur Pétursson</i>
---	--

### **Blessun**

#### **Eftirspil**

**Ísland er land þitt**

*Magnús Þór Sigmundsson - Margrét Jónsdóttir*



*Prestur: Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir*  
*Organisti: Jónas Þórir*  
*Fiðla: Matthías Stefánsson*  
*Söngur: Voces Masculorum*  
*Útfararþjónusta Akranes Kirkju*

**Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða  
viðstöddum að þiggja veitingar í Safnadarheimilinu  
Vinaminni að athöfn lokinni**



## **Bragi Þórðarson**

*Fæddur 24. júní 1933*

*Dáinn 25. júlí 2022*



*Útför frá Akranes Kirkju  
föstudaginn 5. ágúst 2022*

## **Forspil**

*Air*

*J.S. Bach*

## **Bæn**

Dag í senn, eitt andartak í einu,  
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.  
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,  
þegar Guð minn fyrir öllu sér?  
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni  
minna daga skammti'af sæld og þraut,  
sér til þess, að færa leið ég finni  
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,  
á við hverjum vanda svar og ráð,  
máttur hans er allri hugsun hærri,  
heilög elska, viska, föðurnáð.  
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,  
það er nóg, að Drottinn segir mér:  
Náðin mín skal nægja hverjum degi,  
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum  
frið og styrk, sem ekkert buga má.  
Auk mér trú og haltu huga mínum  
helgum lífsins vegi þínum á,  
svo að ég af hjartabeli hreinu,  
hvað sem mætir, geti átt með þér  
daginn hvem, eitt andartak í einu,  
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

*Sandell-Berg - Sigurbjörn Einarsson*

## **Ritningarorð**

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta,  
á grænum grundum lætur hann mig hvílast,  
leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta.  
Hann hressir sál mína, leiðir mig um réttan veg  
fyrir sakir nafns síns.  
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,  
því þú ert hjá mér,  
sproti þinn og stafur hugga mig.  
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,  
þú smyr höfuð mitt með olíu,  
bikar minn er barmafullur.  
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,  
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.  
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

*23. Davíðssálmur - Margrét Scheving*

## **Ritningarorð**

Smávinir fagrir, foldarskart,  
fífill í haga, rauð og blá  
brekkusóley, við mættum margt  
muna hvort öðru að segja frá.

Faðir og vinur alls, sem er,  
annastu þennan græna reit.  
Blessaðu, faðir, blómin hér,  
blessaðu þau í hverri sveit.

Vesalings sóley, sérðu mig?  
Sofðu nú vært og byrgðu þig.  
Hægur er dúr á daggarnótt.  
Dreymi þig ljósið, sofðu rótt!  
*Jón Nordal - Jónas Hallgrímsson*

## **Guðspjall**

Er við lítum yfir farinn veg og finnum gamla slóð  
færast löngu liðnar stundir okkur nær.  
Því að margar standa vörður þær, sem einhver okkar hlóð  
uppi um fjöll, þar sem vorvindurinn hlær.  
Öll þau yndisfögru kvöld,  
okkar litlu skátatjöld,  
eru gömlum skátum endurminning kær.  
Þegar varðeldarnir seiða og við syngjum okkar ljóð  
suðar fossinn og töfrahörpu slær.  
*Óþekktur höfundur - Haraldur Ólafsson*

## **Minningarorð**

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt  
sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt  
hverju orði fylgir þögn  
og þögnin hverfur alltof fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund  
skaltu eiga við það mikilvægan fund  
því að tár sem þerrað burt  
aldrei nær að græða grund.

Lítu sérhvert sólarlag,  
sem þitt hinsta væri það.  
Því morgni eftir orðinn dag  
enginn gengur vísum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr  
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.  
Því skaltu fanga þessa stund  
því feðurinn í henni býr.  
*Bragi Valdimar Skúlason*

## **Bæn**